

## REGLUGERÐ

### um (11.) breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsýsluþóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 5,50 kr. á umbúðir úr stáli, 5,30 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 3,90 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 3,20 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 1,30 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, öðlast gildi 1. janúar 2016.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. nóvember 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*